

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

31. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 11. desember 2020 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru: Samúel Kristjánsson oddviti, Ásgeir Hólm Agnarsson og Karl Guðmundur Kjartansson. Steinn Ingi Kjartansson og Jóhanna Kristjánsdóttir voru í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.
Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætttri fundarboðun.
Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir nefnda og félaga.
3. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2021, 2. umræða.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Fundargerðir nefnda og félaga.
Fundargerð 2. fundar Fasteignafélags Langeyrar ehf. kynnt.
Fundargerð 2. fundar Grundarstrætis ehf. kynnt.
Vegna 1. liðar fundargerðar: Vegna 1 liðar fundargerðar: Sveitarstjórn þykir miður að ekki náðist samkomulag við stjórn Grundarstrætis ehf um lausn húsnæðisumsóknar Sætt og salts ehf um húsnæði í Grundarstræti 3. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til að aðstoða fyrirtækið í húsnæðisleit þess, ef þess er nokkur kostur.
3. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2021, 2. umræða.
Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.
Sveitarstjórn ákvarðar að fasteignaskattur verði með þeim hætti að sama krónutala verði lögð á og árið 2020 þannig að ekki komi til hækkunar fasteignaskattsins, þótt álagningargrunnurinn hækki.
Sveitarstjórn ákvarðar að útsvarsprósenta skuli vera óbreytt 14,52% meðan óvissa er jafn mikil um tekjuár 2021.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:33

Karl Guðmundur Kjartansson

Jóhanna Kristjánsdóttir

Ásgeir Hólm Agnarsson

Steinn Ingi Kjartansson

Samúel Kristjánsson oddviti